Ed.

## 816. Nefndarálit

um frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fellst eindregið á tilgang frumvarpsins, að auka tekjur landssjóðs; telur þess brýna þörf og álítur einnig, að hjer sje um talsverðan tekjustofn að ræða.

En þar sem ákveðin er 100% eða helmingshækkun á burðargjaldi og ábyrgðargjaldi fyrir brjef og bögla með póstum og póstskipum innanlands, telur nefndin hvorki rjett nje sanngjarnt, að blöð og tímarit sjeu að öllu undanþegin þessari hækkun, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr.

Í staðinn fyrir 2. málslið »þó skulu ... hækkun« bætist aftan við greinina:
nema fyrir blöð og tímarit 25%.

Alþingi, 5. sept. 1917.

H. Hafstein, formaður.

Guðmundur Ólafsson, skrifari og framsögum.

H. Steinsson.